

Veiðimálastofnunin, júní 1981  
Þórir Dan Jónsson, Borgarnesi

### Setbergsá 1980

Þann 6/7 1980 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á lífsskilýrðum lax í Setbergsá. Í Illafoss hefur verið byggður laxastigi og er stigabyggingu rétt lokið, en á undanförunum árum hefur lax verið borinn upp fyrir fossinn og einnig hefur a.m.k. sum árin lax komist upp hálfkláraðan stigann, en að sögn fróðra manna var laxinn þá oft illa særður eftir uppgönguna.

Að sögn Magnúsar á Innraleiti var fyrir ca. 10-15 árum sleppt allt að 70000 kviðpokaseiðum í ána, en sleppingar seiða hafa legið niðri síðan þar til 1978 er 15000 kviðpokaseiðum (startfóðruðum?) var sleppt. 1979 og 1980 var svo 20000 kviðpokaseiðum sleppt hvort árið.

Rafveitt var á fimm stöðum í ánni, og aldurssýni tekin af nokkrum seiðum.

Einnig var botngerðin athuguð.

### Um lífnaðarhætti laxins.

Laxinn er fyrstu ár ævi sinnar í fersku vatni. Á tveimur-sex árum nær hann 11-16 sm. lengd og heldur til sjávar að vori, þá sem gönguseiði. Í sjónum er laxinn 1-3 ár. Þar er gnægð fæðu, hann vex ört og gengur síðan aftur upp í ána sem hann ólst í til að hrygna, þá 2-10 kg. að þyngd. Hann hrygnir á malarbotni þar sem hann grefur hrognin niður. Þar verður straumur að leika um hrognin til að sjá þeim fyrir súrefni og má botninn því ekki vera mjög sandblendinn. Eftir hrygninguna deyr u.þ.b. 90% af laxinum, annaðhvort í ánni sjálfri eða þegar til sjávar er komið, enda fer mikil orka í hrygninguna og laxinn nærast lítið eða ekkert eftir að hann gengur upp í ána til hrygningar.

Hrognin klekjast út á vorin. Í fyrstu lífa seiðin á forðanæringu sem þau hafa í kviðpokanum. Þau eru þá mjög ljósfælin og halda sig niðri í mölinni. Þegar kviðpokinn er búinn fara seiðin að nærast á litlum krabbadýrum (svif) og litlum skordýralirfum sem berast með straumnum. Eru þau háð því að straumhraðinn sé ekki of lítill. Þannig eiga þau mjög erfitt uppdráttar ef straumhraðinn er minni en 0.5 m. á sek.

Það gefur auga leið að seiðin myndu eyða of mikilli orku ef þau ættu stöðugt að berjast á móti straumnum. Þau eru því háð skjóli við botninn þar sem þau geta hafst við á milli þess sem þau fara upp í strauminn til að afla sér fæðu.

Eftir því sem seiðin stækka þurfa þau meira að éta. Þau leita þá í sterkari straum þar sem fæðuframboðið er meira og fæðudýrin stærri, en þurfa þá jafnframt grófari botn sem veitir meira skjól.

Samkeppnin um fæðuna getur verið mjög hörð, og laxaseiðin helga sér umráðasvæði sem þau verja gegn ágangi annarra seiða. Mörg seiði hrekjast á milli umráðasvæði annarra seiða, stressast og verða öðrum fiski og fugli að bráð, eða hreinlega drepast af næringarskorti. Þannig fer mikil orka (næring) forgörðum, þegar dauð seiði skolar til sjávar.

Af þessu getum við dregið þann lærdóm að athuganir á botngerð og straumlagi gefa mikilvægar upplýsingar um afkomumöguleika seiðanna. Kjörskilyrði laxaseiða hvað varðar botngerð og straum er smágrýttur til grýttur botn (steinastærð 5-30sm. í þvermál) á fremur grunnu straumvatni (straumur 0.50-1.25 m/sek.). Þar sem svo háttar til er áin einnig ríkust af fæðudýrum þeim er laxaseiðin lifa á, það er lirfum og púpum skordýra. Steinar þjóna laxaseiðunum því á þennan hátt, veita þeim fylgsni, var fyrir straumi og skapa þeim fæðudýrum bústað sem seiðin lifa á. Á sand- eða fínum malarbotni skortir laxaseiðin fylgsni, var fyrir straumi og fæðu. Þannig er augljóst að seiðaframleiðsla árinna takmarkast að verulegu leiti af þessum þáttum, en oft í minna mæli af stærð hrygningarstofnsins.

Athugun á botngerð.

Setbergsá má gróflega skipta niður í fern svæði, hvað botngerð viðvíkur, frá Illafossi og uppfýrir ármót Setbergsár og Keransgils. Frá stiganum og upp að gljúfrinu er botninn grýttur, mikill gróður í botni og straumhraði hæfilegur. Hér eru kjörskilyrði fyrir stór laxaseiði, en hrygningarskilyrði eru léleg eða engin.

Í gljúfrinu er klapparbotn sem gefur léleg uppeldisskilyrði og engin hrygningarskilyrði..

Fyrir ofan gljúfrin rennur áin síðan ýmist í lygnum fljótum eða í smá straumi. Botninn samanstendur af fínni mól allt upp að ármótum Keransgilsár og Setbergsár, þó eru stöku grjót í ánni skammt fyrir ofan gljúfrin og veita þau stórum seiðum fylgsni. Uppeldisskilyrði fyrir stór seiði eru léleg, en víða eru skilyrðin samileg fyrir lítil seiði. Hrygningarskilyrðin eru víða góð.

Fyrir ofan Keransgil tekur við nokkuð grófari botn, en það vantar þó stórgrýti. Hrygningarskilyrði eru góð, og uppeldisskilyrði fyrir lítil seiði eru einnig góð, en léleg fyrir stærri seiði.

Eins og sagði í innganginum þurfa seiðin stórgrýttann botn þegar þau stækka. Ef sú botngerð er ekki fyrir hendi í næsta nágrenni, berast þau niður eftir ánni. Skipting botngerðar í Setbergsá er góð að því leyti að efst eru hrygningarskilyrðin hvað best, en næst eru uppeldissvæðin hvað best, þannig að mörg seiði sem berast niður eftir ánni lenda á kjörbotni. Þetta grýtta svæði er hinsvegar lítið og getur því engan veginn tekið á móti öllum seiðum sem niður eftir ánni berast.

Niðurstöður rafveiðanna.

Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða er sýnd á mynd aftast í skýrslunni ásamt rafveiðistöðum.

Vöxtur seiðanna í ánni er nokkuð góður og af lengdar- og aldursdreifingu seiðanna má ætla að þau haldi til sjávar þriggja og fjögurra ára gömul.

Fyrir ofan gljúfrin veiddust engin þriggja ára seiði. Líklegasta skýringin á því er sú að botninn er of fíngerður til þess að stór seiði þrífist þar.



Seiðin úr fyrstu sleppingunni (1978) voru tveggja ára 1980, og því má spyrja hvort það sé ekki þess vegna sem það vantar þriggja ára seiðin. En þriggja ára seiði veiddust fyrir ofan brú á Þjóðvegi, svo að lax hlýtur að hafa komist upp þangað (verið borinn?) 1976, og líklega hefur hann hrygnt fyrir ofan gljúfrin, því hrygningar-skilyrðin eru léleg fyrir neðan gljúfrin. Að svo stöddu er engan veginn hægt að segja til um það hvort seiðin sem veiddust fyrir ofan Illafoss séu árangur sleppinga og /eða úr náttúrulegu klaki.

Engin sumargömul seiði veiddust, en þann 27 júní var 20000 kviðpokaseiðum sleppt í ána. Kviðpokaseiði eru afar staðbundin, og halda sér á þeim stað þar sem þeim var sleppt fyrstu mánuðina. Ef þau hefðu átt að nást í rafveiðunum hefði því orðið að rafveiða á sama stað og þeim var sleppt á. Náttúrulega klakin seiði eru hinsvegar ekki komin upp úr mölinni á þeim tíma sem rafveitt var á. Á norðanverðu Snæfellsnesi komu þessi seiði í hlýustu ánu í byrjun júlí.

Ályktanir og aðgerðir.

Setbergsá fyrir ofan Illafoss hefur víðast hvar ekki nægilega góðan botn til þess að uppfylla þær kröfur sem laxaseiði gera varðandi botngerð. Hrygningarskilyrði eru góð víða í ánni, og eins eru uppeldisskilyrði fyrir lítil seiði samleg, en takmarkað er um grýtt svæði þannig að stór seiði geti alist upp í ánni.

Ekki er ráðlegt að sleppa neinum smáseiðum í ána að sinni, rafveiðarnar benda til þess að nóg sé af smáseiðum í ánni og náttúruleg seiðaframleiðsla ætti að vera nægileg.

Hugsanlega má bæta uppeldisskilyrðin fyrir stærri seiðin með grjótburði í ána. Ég tel að vænlegasta leiðin til árangurs sé sú að "klæða" botninn með grjóti. Er það gert á þann hátt að þar sem bakkar eru traustir og áin breytir ekki farvegi sínum sé sett eggvast grjót, ca 20-30 cm. í þvermál, tvo til þrjá metra út í ána. Grjótið á þá að geta læst sig saman og holrúm myndast allsstaðar á milli. Ekki er hægt að segja til um hvað slíkt endist lengi, slíkt verður tíminn einn að leiða í ljós.

Virt er að geta þess að í á einni sem þetta var reynt (Laxá í Miklaholtshreppi) veiddust nálega hundrað seiði á 90m<sup>2</sup> svæði þar sem aðeins örfá seiði hefðu veiðst áður.

Ef ákveðið verður að ráðast í "grjótburð" er rétt að hafa samband við mig áður, enda þarf samþykki Veiðimálastjóra fyrir þessum framkvæmdum.

SETBERGSA. LENGDAR- OG ALDURSDREIFING  
LAXASEIDA ÞANN 6/7 1980.

